



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

SPRUNGUMÆLIR VIÐ LEIRHNJÚK

Hefti I: Texti og viðaukar A-C

Einar Hrafnkell Haraldsson
Sverrir Hákonarson

OS-89012/JHD-06

Mars 1989



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

Verknr. 533010

SPRUNGUMÆLIR VIÐ LEIRHNJÚK

Hefti I: Texti og viðaukar A-C

Einar Hrafnkell Haraldsson
Sverrir Hákonarson

OS-89012/JHD-06 - B Mars 1989

EFNISYFIRLIT

| | |
|---|----|
| 1. INNGANGUR | 5 |
| 2. MÆLIBÚNAÐUR | 5 |
| 3. NOTKUN KERFISINS | 7 |
| 3.1 Tengingar PC tölvunnar | 7 |
| 3.2 Forritið SAFNA | 7 |
| 3.3 Mæligögnin | 8 |
| 3.4 Raðtengi 2 | 9 |
| 3.5 Prentarinn | 9 |
| 3.6 Aðvörur | 9 |
| 3.7 Skilaboð | 10 |
| 4. STILLINGAR SÖFNUNARTÆKIS | 10 |
| 4.1 Skipanir | 11 |
| 4.1.1 A -- Stilla dagatal og klukku | 11 |
| 4.1.2 B -- Sjá dagsetningu og klukku | 11 |
| 4.1.3 D -- Sjá dagnúmer | 11 |
| 4.1.4 E -- Skoða innganga í söfnunartæki | 12 |
| 4.1.5 H -- Hjálp | 12 |
| 4.1.6 K -- Kveikja á sendi | 12 |
| 4.1.7 O -- Núllstilla geymsluhólf | 13 |
| 4.1.8 M -- Sjá ýmsar stærðir | 13 |
| 4.1.9 Q -- Stoppa mælingu | 13 |
| 4.1.10 S -- Slökkva á sendi | 14 |
| 4.1.11 T -- Tæma úr geymsluhólf | 14 |
| 4.1.12 W -- Hefja mælingu | 14 |
| 4.1.13 -- Gera ekkert merkilegt (skipunin er orðabil) | 14 |
| 4.1.14 % -- Fara í aflsnautt ástand | 14 |
| 4.2 Skilaboð | 14 |
| 5. ÚRVINNSLA | 15 |
| 5.1 Forritið LESA | 15 |
| 5.2 Form gagnaskráa úr sprungumæli | 15 |
| 5.3 Forritið BREYTA | 16 |
| 5.4 Geymsla gagnaskráa | 16 |
| 6. MÆLIHLUTI | 17 |
| 6.1 Tölvubretti | 17 |
| 6.2 A/D bretti | 18 |
| 6.3 Minnisbretti | 18 |
| 6.4 Samskiptabretti | 18 |
| 6.5 Stýribretti | 18 |
| 6.6 Sprungumælar | 18 |
| 7. SENDIHLUTI | 20 |
| 7.1 Mótaldið | 20 |
| 7.2 Magnarar fyrir A/D breytu | 20 |
| 7.3 Spennu- og hitamælingin | 20 |
| 7.4 Afl söfnunartækisins | 20 |


| | |
|-----------------|----|
| 7.5 Sendirinn | 21 |
| 8. MÓTTÖKUHLUTI | 21 |
| 8.1 Móttakarinn | 21 |
| 8.2 Mótaldið | 22 |
| 8.3 A/D breytan | 23 |

VIÐAUKAR

| | |
|-------------------------------------|----|
| A. Teikningar | 25 |
| B. Listun á forritum í PC tölvu | 37 |
| C. Listun á forritum í söfnunartæki | 53 |

Í HEFTI II

- D. Örtölvubretti
- E. Samskiptabretti
- F. A/D bretti
- G. Minnisbretti
- H. Bæklingur um móttakara
- I. Bæklingur um sendi
- J. Bæklingur um loftnet
- K. Leyfisbréf frá Pósti og Síma
- L. Upplýsingar um afbrigðilegar rásir
- M. Diskettur með forritum



Yfirlitskort vegna sprungumælis við Leirhnjúk, desember 1988. Hluti af Jarðfræðikorti af vinnsluslusvæðum Kröfluvirkjunar (JHD-JK-6607 KS).

1. INNGANGUR

Pessi skýrsla lýsir mælikerfi, sem skráir vídd tveggja sprungna við Leirhnjúk í Mývatnssveit í Suður-Pingeyjarsýslu. Mælitækin eru smíðuð hjá Orkustofnun í samvinnu við Almannavarnir ríkisins og Landsvirkjun. Við landris og landsig víkka og þrengjast sprungur við Leirhnjúk. Tækin skrá þessar hreyfingar og ef þær verða mjög hraðar, sendir tækið frá sér aðvörunarmerki, sem heyrir í stjórnsal Kröfluvirkjunar.

Mælikerfið er þannig að í sprungunum hjá Leirhnjúk er komið fyrir sprungumælum og við þá tengt söfnunartæki, sem mærir vídd þeirra og sendir upplýsingar um hana með radíósendi að stöðvarhúsi Kröfluvirkjunar. Þar er radiómóttakari sem tekur við gögnunum. Við hann er tengd PC tölva, þar sem gögnin eru skráð á diskling, prentuð út á prentara og viðvörun gefin ef hreyfingar sprungnanna verða hraðar. Einnig er hallamælir frá Norrænu Eldfjallastöðinni tengdur við PC tölvuna, og gögnin frá honum prentuð út samhliða.


Sprungur á Kröflusvæðinu voru mældar með rennimáli á meðan goshrinur gengu yfir á árum áður. Frá því í september 1984 hafa tvær sprungur við Leirhnjúk verið mældar með tölrænu söfnunartæki. Þetta söfnunartæki verður látið ganga samhliða mælikerfinu, sem hér verður lýst.

2. MÆLIBÚNAÐUR

Á Kröflusvæðinu er eftirfarandi búnaður til sprungumælinga:


- 1) Skammt austan og sunnan Leirhnjúks eru sprungumælar í tveimur sprungum, sem eru kallaðar L5 og L6. Á milli þeirra eru um það bil 200 m. Þar mitt á milli er söfnunartæki og radíósendir í gráum kassa merkt með stiku. Rafgeymir er í litlum álkassa við hliðina á söfnunartækinu og loftnet liggur á jörðinni í svörtu plaströri, sem grjóti hefur verið hlaðið að (sjá mynd 2.1).
- 2) Í fjarskiptakofa við Holu 15 er radiómóttakari og loftnet. Loftnetið er inni í kofanum og hangir í loftinu. Móttakarinn er í plastkassa og fær afl frá netspennunni í kofanum.
- 3) Merkið frá radiómóttakaranum fer eftir fjöllínustreng frá holu 15 að holu 9 (tengiskápur úti) og þaðan í Skiljustöð (skápur 14), en þaðan í eldingavaraskáp A í Stöðvarhúsi og þaðan upp í skáp í stjórnherbergi, sem kallaður er MÍMA. Þangað liggur ljósgrár kapall (lagður undir gólf) frá hallamælabúnaði, sem er á gólfini í MSB-skápnum, þar sem stendur LINE 2 TO AKUREYRI. Úr MÍMA skápnum fara tveir ljósgráir kaplar eftir loftinu í norðausturhorni stjórnherbergisins.
- 4) Í norðausturhorni stjórnherbergis er tölva af Lingó gerð og prentari af Citizen gerð.

JHD.JED.6607.EHH
89.01.0052 DD



MYND 2.1. Afstöðumynd tækjabúnaðar

JHD.JED.6607.EHH
89.01.0050 T




MYND 2.2 Lagnir að stöðvarhúsi

3. NOTKUN KERFISINS

Aðalhluti kerfisins í stöðvarhúsinu er PC tölvu, sem tekur á móti gögnum frá radíosendinum og vinnur úr þeim. Forritið sem stýrir tölvunni heitir SAFNA. Kerfið er að mestu sjálfvirkt en á mánaðarfresti þarf að skipta um diskling í tölvunni og huga að hvort nægur pappír sé í prentara. Einnig þarf að skipta um rafgeyminn í söfnunartækinu við Leirhnjúk, þegar spenna hans er kominn niður í 11,5 Volt en sú spenna sést á skjá PC tölvunnar.

3.1 Tengingar PC tölvunnar

Ýmiss búnaður tengist PC tölvunni. Mynd 3.1 sýnir bakhluta tölvunnar og tengin sem á henni eru. Prentarinn tengist í prentaratengið. Í raðtengi 1 tengist mótaðið frá söfnunartækinu og í tengið á A/D kortinu tengist hallamælirinn. Í hátalaratengið má tengja aukahátlara fyrir að-vörunarmerkið.



MYND 3.1. Tengi á bakhlið tölvu

3.2 Forritið SAFNA

Forritið SAFNA hleðst sjálfkrafa inn þegar kveikt er á tölvunni. Til þess að það gangi þarf disklingur merktur SAFNA að vera í drifi A og forsníðinn gagnadisklingur í drifi B. Einnig þarf prentarinn að vera tengdur og tilbúinn (on line ljós kveikt). Bæði drifin þurfa að vera lokað.

Í hvert sinn sem forritið er keyrt býr það til nýja gagnaskrá. Ef allt gengur eðlilega fyrir sig birtist nafn hennar efst á skjánum til vinstri. Nafn skrárinnar er dagsetning dagsins, ásamt aukastaf sem er til þess að greina sundur skrár, sem verða til á sama degi. Allar gagnaskrárnar enda á .KRA. Til dæmis er skráin 010888C.KRA þriðja skráin sem er búin til 1. ágúst 1988.

Gagnaskrárnar eru ekki textaskrár. Því er ekki hægt að skoða skrárnar með DOS skipuninni TYPE. Með forritinu LESA er hægt að lesa þær. Lýsing á forritinu LESA er í kafla 5.1.

Góð regla er að skipta um gagnadisklinga mánaðarlega, en þá eru venjulega búinn um 100 Kbæti af geymslurými hans. Birtist þá tilkynning á skjánum um að nauðsynlegt sé að skipta um hann. Óhætt er að skipta um disklinginn og setja tóman og forsníðinn í staðin, á meðan forritið er í gangi. Aðeins verður að athuga að opna ekki drifið á meðan forritið er að lesa eða skrifa á disklinginn en þá logar rauða ljósið á því.

Ef forritið reynir að skrifa gögn á gagnadisklinginn á meðan drifið er opið geta eftirfarandi skilaboð komið á skjáinn:

Not ready error reading drive B
Abort, Retry, Ignore?

Ef þetta gerist er drifinu lokað og síðan svarað með því að styðja á R-takkann á lyklaborðinu (R stendur fyrir Retry).

Mynd 3.2 sýnir skjáinn þegar nokkrar mælingar eru komnar. Hver mæling tekur hluta af línu vinstra megin á skjánum. Í kafla nr. 3.3, Mæligögnin, eru tölurnar útskýrðar. Hægra megin birtist tíminn þegar síðustu gögnin bárust. Einnig sést spennan á rafgeymi söfnunartækisins og hitastig í söfnunartækinu. Þar fyrir neðan birtast ýmiss skilaboð. Þau eru talin upp og útskýrð í kaflanum 3.6, Skilaboð.

| | |
|-------------------------------|------------------------------------|
| b:141188.KRA | Nafn gagnaskráar er b:141188.KRA |
| 366 859 3241 47 2 28 126 59 3 | Síðasta mæling kom 9:53 141188 |
| 366 905 3241 48 2 28 126 59 3 | Staða hallamælis: 4 |
| 366 911 3241 49 2 28 126 59 3 | Aflspenna: 12.6 V Hitastig: 5.9 °C |
| 366 917 3241 50 2 28 126 59 3 | |
| 366 923 3241 51 2 28 126 59 3 | Hljóðaðvörun er á |
| 366 829 3241 52 3 28 126 59 3 | Skiptið um diskling í drifi b: |
| 366 935 3241 53 3 28 126 59 3 | |
| 366 941 3241 54 3 28 126 59 4 | |
| 366 947 3241 55 3 28 126 59 4 | |
| 366 953 3241 56 3 28 126 59 4 | |

MYND 3.2. Mælingar á tölvuskjá

Hægt er að enda keyrslu á forritinu með því að ýta á !-takkann. Ef keyrslan er stöðvuð á ein-hvern annan veg t.d. með control-C, er hætta á að tölvun fari í baklás, því þá verður enn í gangi hluti af forritinu sem tekur við gögnum frá raðtengi 1. Annað hvort verður að slökkva á tölvunni eða reyna að keyra forritið aftur.

3.3 Mæligögnin

Þegar gögn berast frá sprungumælinum býr forritið til mælistreng úr þeim ásamt tíma og dagsetningu PC tölvunnar. Mælistrengurinn inniheldur eftirfarandi:

1. Dagsetningu samkvæmt klukku PC tölvunnar. Þetta er 16 bita heiltala. Fyrstu 6 bitarnir, að frátoldum þeim fyrsta sem er formerkisbiti, geyma árið talið frá og með 1988, næstu 4 bitarnir geyma mánuðina og síðustu 5 dagana.
2. Tíma samkvæmt klukku PC tölvunnar.
3. Dagnúmer, talið frá 1/1/1980.
4. Númer mælingar innan dagsins.
5. Stöðu sprungu L6 (rás 1).
6. Stöðu sprungu L5 (rás 2).
7. Spennu á rafgeyminum á sprungumælinum (rás 3). Deila þarf með 10 til að finna réttu spennu.
8. Útihitastig við sprungumælinn (rás 4). Deila þarf með 10 til að finna réttan hita.

9. Stöðu hallamælisins.

Jafnóðum og gögnin berast, birtast þau á skjánum. Mælistrengurinn er einnig skráður á gagnadisklinginn á sama hátt.


3.4 Raðtengi 2

Mælistrengurinn er einnig sendur á raðtengi 2. Það gefur möguleika á að tengja t.d. síma-mótald við tengið eða aðra tölву og fá þannig aðgang að gögnunum. Sendihraða, parbita, stoppbita og orðlengd fyrir tengið má stilla í undirforritinu Stillacom2. Sjálfgefnu gildin eru 300 bitar/sec., engan pörunarbita, einn stoppbita og 8 bita orðlengd.

3.5 Prentarinn

Prentaraforritin eru samin fyrir Citizen LSP 10 prentara. Hann skráir feril sprungunnar L6 vinstra megin og feril hallamælisins hægra megin í hvert sinn sem gögn berast frá sprungumælinum. Á mynd 3.3 sést útprentunin.

Upplausn hvors ferils er 256 punktar þversum, en langsum er upplausnin 216 mælingar á tommu. Í 30. hvert skipti eru prentaðar tölulegar upplýsingar um ferlana hægra megin við þá. Fyrstu tvær tölurnar eru tími og dagsetning PC tölvunnar, næstu tvær eru dagnúmer og númer mælingar innan dagsins. Og síðast er prentuð staða ferlana. Á hverju blaði úr prentaranum sjást um 10 sólarhringar.



MYND 3.3. Útskrift á tölvuskjá

3.6 Aðvörun

Forritið SAFNA er hannað þannig að það geti gefið aðvörun ef hratt landris eða landsig verður. Við hverja mælingu skoðar forritið ákveðinn fjölda mælinga aftur í tímann t.d. 2 mælingar. Aðvörun er gefin ef breytingar verða á báðum sprungunum tvö mæligildi í röð og færslan verður í sömu átt. Aðvörunin er óháð því hversu mikil breytingin er.

Fjöldi mælinga, sem forritið skoðar, þarf ekki að vera sá sami fyrir báðar sprungurnar. Þar sem sprungan L6 er mun virkari en L5 er eðlilegra að skoða fleiri mælingar á henni aftur í tímann en á L5. Valdar voru 3 mælingar á L6 og 2 mælingar á L5. Hægt er að breyta þessum gildum í undirforritinu Init. Breytan FJ1 er fyrir rás 1 eða L6 en FJ2 er fyrir rás 2 eða L5.

Aðvörunin er gefin með því að birta skilaboð á skjánum um að miklar breytingar eigi sér stað. Einnig má láta tölvuna gera viðvart með hljóðaðvörun (sjá kafla 3.7 Skilaboð).

3.7 Skilaboð

Hér á eftir fer upptalning og skýringar á skilaboðum sem birst geta á skjánum.

Afl á söfnunartækinu er í lágmarki !

Þegar spennan á rafgeyminum við söfnunartækið hjá Leirhnjúk er komin niður fyrir 11.5 V kemur þessi aðvörun. Þá verður að skipta um geyminn því aflið má ekki fara niður fyrir 11.0 V. Ef það gerist hættir sendirinn að vinna.

Prentarinn er ekki virkur !

Ef prentarinn er ekki í lagi koma þessi skilaboð á skjáinn. Þá er hugsanlegt að blöðin séu búinn, hann sé ekki "on line", eða að það sé slökkt á honum. Það sést á ljósunum framan á honum.

Skiptið um diskling í drifi B !

Þessi aðvörun kemur þegar gagnadisklingurinn er að verða fullur eða orðinn fullur. Þá þarf að skipta um diskling og setja forsniðinn og tóman í staðinn.

Villa í samskiptum !

Ef lélegt samband er á milli sendisins og móttakarans og gögnin komast aðeins að hluta til skila eða ef mikið suð truflar sendinguna, þá koma þessi skilaboð.

Miklar breytingar eiga sér stað !

Ef óeðlilega miklar breytingar verða á sprungunum L5 og L6 birtist þessi aðvörun á skjánum. Forritið athugar gildi aftur í tímann og er gefin aðvörun ef breytingarnar fara út fyrir þau mörk, sem er lýst í kafla 3.6. Einnig gefur tölvun það til kynna með hljóðaðvörun.

Hljóðaðvörun er (ekki) á !

Hægt er að ráða því hvort hljóðaðvörunin sé til staðar eða ekki, þ.e. að aðvörunin um miklar breytingar sé gefin með hljóðmerki eða ekki. Það er gert með því að styðja á attakkann.

4. STILLINGAR SÖFNUNARTÆKIS

Söfnunartækið, sem er við Leirhnjúk, er hægt að stilla, sjá ástand þess og lesa gögn úr því. Það er gert með því að tengja við það PC tölvu og nota skjáhermi, sem getur tekið við gögnum svo sem forritinu H100. Hraðinn skal vera 300 bitar/sec. Snúra frá PC tölvunni er tengd við 25 pinna tengi, sem er á stuttum flatkapli, sem kemur frá samskiptabrettinu. Tengingar kapals eru eftifarandi:

25 pinna tengi
á Flatkapli

| | |
|---------|-------|
| Pinni 7 | ----- |
| Pinni 2 | ----- |
| Pinni 3 | ----- |

25 pinna tengi
á PC tölvu

| | |
|---------|-------|
| Pinni 7 | ----- |
| Pinni 3 | ----- |
| Pinni 2 | ----- |

Til þess að ná sambandi við söfnunartækið þarf að halda inni gráum takka, sem er á stýribrettinu. Takkann er hægt að ýta á í gegnum stóra opið, sem er á grænu grindinni, er hýsir brettin. Söfnunartækið er að öllu jöfnu í svokölluðu afsparnaðar ástandi, en á mínútu fresti vaknar það upp og athugar hvort kominn sé tími til þess að mæla og senda gögn eða gráa takkanum sé haldið inni. Halda þarf takkanum inni allt að einni mínútu áður en tækið skynjar það. Síðan er hægt að gefa skipanir. Ef engin skipun er gefin í 25 sekúndur samfleitt, þá fer söfnunartæknið í afsparnaðar ástand og þarf að vekja það upp að nyju með gráa takkanum.

4.1 Skipanir

Stafróf tækisins er bundið við enska stafi og vantar því séríslensku stafina í spurningar og skilaboð frá tækinu. Í öllum tilvikum er textinn samt auðskilinn.

4.1.1 A -- Stilla dagatal og klukku

Þessi skipun stillir dagatal og klukku söfnunartækisins. Klukkan gengur alltaf meðan afl er á tækinu frá aðalrafhlöðu eða vararafhloðum. Klukkan endurstillist ekki þótt söfnunartækið sé endurstilt með RESET rofanum.

Þegar ýtt hefur verið á A, þá spyr tækið um dagsetningu og klukku. Svara þarf með einum eða tveimur tölustöfum. Ef villa er í innslættinum þarf að gefa skipunina aftur. Spurningarnar eru flestar á ensku. Að lokum sýnir tækið tímann, sem verið var að stilla.

Year: 88
Mounth: 10
Dagur: 19
Hour: 11
Minutes: 51
Seconds: 45

1988-10-19 11:51:45

4.1.2 B -- Sjá dagsetningu og klukku

Þessi skipun sýnir dagsetningu og tíma eins og hann er í söfnunartækinu. Formið er:
ár-mánuður-dagur klukkustund:mínútur:sekúndur

1988-10-19 11:51:51

4.1.3 D -- Sjá dagnúmer

Fyrir hverja mælingu er skráð dagnúmer, sem er miðað við 1. janúar 1980. Þessi skipun reiknar út dagnúmer miðað við klukkuna í söfnunartækinu.

Dæmi:
1. janúar 1980 hefur dagnúmer 1

- 2. janúar 1980 hefur dagnúmer 2
- 1. janúar 1988 hefur dagnúmer 2923
- 1. janúar 1989 hefur dagnúmer 3289
- 1. janúar 1990 hefur dagnúmer 3654

Þegar skipunin D er gefin 19. október 1988 kemur:

Dagnumar er: 3215

4.1.4 E -- Skoða innganga í söfnunartæki

Í söfnunartækinu eru 4 inngangar inn á analog/digital breytu, sem er 8 bita. Rás1 og Rás2 sýna stöðu nemanna í sprungunum. Inngangur 3, sem táknaður er með V er mælikvarði á spennu aðalrafgeymis söfnunartækisins. Margfalda þarf gliddið með 0,0977 til að fá rétta spennu. Inngangur 4, sem táknaður er með t, er mælikvarði á hitastigið í °C. Hitastigið má reikna út samkvæmt formúlunni, sem gildir fyrir hitastigið -30°C til +30°C með +/- 1°C nákvæmni.

$$\text{Hiti } ^\circ\text{C} = -19,5 * \ln[(4,55 * t) / (512 - t)]$$

Dagsetning og tími er sýndur á eftir mæligildum.

Ras1 = 32, Ras2 = 35, V = 131, t = 31

1988-10-19 11:52:2

Samkvæmt þessu er spennan $131 * 0,0977 = 12,8$ Volt og hitastigið $23,9^\circ\text{C}$

4.1.5 H -- Hjálp

Þessi skipun sýnir allar skipanir, sem hægt er að framkvæma í söfnunartækinu. Eftir að ýtt hefur verið á H kemur:

Skipanir:
A -> Stillta dagatal og klukku
B -> Sja klukku og dagatal
D -> Sja dagnumar fra 1/1/1980
E -> Skoda innganga a a/d breytu
H -> Hjalp
K -> Kveikja a sendi
O -> Nullstillta Geymsluholf
M -> Ymsar staerdir
Q -> Stoppa maelingu
S -> Slokkva a sendi
T -> Taema ur geymsluholfi
W -> Starta maelingu
 -> Gera ekkert merkilegt
% -> Skila forritinu i afslaudu formi

4.1.6 K -- Kveikja á sendi

Þessi skipun kveikir á sendi og er aðeins notuð við prófanir á kerfinu. Til að slökkva á sendinum er notuð skipunin S. Ef söfnunartækið er að safna, þá slekkur það á sendinum við lok næstu maelingu.

Eftir að skipunin hefur verið gefin kemur á skjáinn:

Kveikt a sendi

4.1.7 O -- Núllstilla geymsluhólf

Þessi skipun er til þess að núllstilla geymsluhólf söfnunartækisins. Þessa skipun ætti aldrei að þurfa að nota. Ef hún er notuð er hætta á að mæligögn fari forgörðum.

Þegar skipunin hefur verið gefin er notandinn spurður hvort hann sé viss um að hann ætli að núllstilla geymsluhólf. Ef svarað er með J eða j, þá er skipunin framkvæmd. Ef svarað er með einhverjum öðrum stöfum er skipunin hundsuð.

Eftir að skipunin hefur verið gefin kemur á skjáinn:

Ertu viss? j = ja [svarað með N]
Hringhof var ekki nullstilt

eða

Ertu viss? j = ja [svarað með J]
Hringhof var nullstilt

4.1.8 M -- Sjá ýmsar stærðir

Með þessari skipun er hægt að skoða nokkrar stærðir í söfnunartækinu.

Eftir að ýtt hefur verið á M getur til dæmis komið:

| | |
|-----|---|
| eða | Fjoldi inta er 3 Stopp = 0 <u>Hringgeymsla = 4</u> |
| eða | Fjoldi inta er 32 Stopp = 255 <u>Hringgeymsla = 128</u> |

Fjöldi inta er tala, sem hækkar um 1 fyrir hverja mínútu, sem tækið er í gangi. Þessi tala er á bilinu -32768 til 32767. Stopp getur verið 0, sem merkir að tækið sé að safna eða 255, sem segir að skipunin S hafi verið framkvæmd og tækið sé ekki að mæla. Hringgeymsla sýnir hversu mörg gildi eru komin í geymsluhólf í minni söfnunartækisins. Á miðnætti er ein mæling sett í hringgeymsluna og hækkar teljarinn um 4 í hvert skipti.

4.1.9 Q -- Stoppa mælingu

Með þessari skipun er hægt að stoppa mælingu. Hana ætti að öllu jöfnu ekki að nota nema þegar verið er að lesa út úr söfnunartækinu með skipuninni T. Nauðsynlegt er síðan að setja söfnun aftur í gang með skipuninni W.

Eftir að skipunin hefur verið gefin kemur á skjáinn:

Stopp - maelir ekki

4.1.10 S -- Slökkva á sendi

Með þessari skipun er hægt að slökkva á sendi til dæmis eftir að kveikt hefur verið á honum með skipuninni K.

Eftir að skipunin hefur verið gefin kemur á skjáinn:

Slokkt a sendi

4.1.11 T -- Tæma úr geymsluhólfí

Þessi skipun er notuð til að tæma úr geymsluhólfinu. Allt hólfíð er sent út eða 2048 tölur.

Eftir að skipun hefur verið gefin kemur á skjáinn:

Utlestur ur Sprungumaeli vid Leirhnuk.

Utlesturinn hefst

1988-10-17 13:54:50

Byrjun

107 12 255 255 108 12 36 200 109 12 36 199 110 12 36 199
111 12 36 199 112 12 36 199 113 12 36 199 114 12 36 199
115 12 36 199

.....

.....

116 12 36 199 117 12 36 198 118 12 36 198 119 12 36 198
120 12 36 198 121 12 36 198 122 12 36 198 123 12 36 198

124 12 36 198

Endir.

Utlestrinum lokid kl.

1988-10-17 13:58:21

4.1.12 W -- Hefja mælingu

Með þessari skipun er söfnunartækið sett í mælingarástand aftur til dæmis eftir að það hefur verið stöðvað með skipuninni Q.

Eftir að skipunin hefur verið gefin kemur á skjáinn:

Maeling hefst

4.1.13 -- Gera ekkert merkilegt (skipunin er orðabil)

Þessa skipun má til dæmis nota öðru hverju til þess að koma í veg fyrir að söfnunartækið fari í afinsnautt ástand.

4.1.14 % -- Fara í afinsnautt ástand

Með þessari skipun er söfnunartækið sett í afinsnautt ástand og það svarar með:

*** Bless ***

4.2 Skilaboð

Ef gefin er skipun, sem ekki er þekkt, þá er svarað með

*** Villa Ekki rett adgerd ***

Þegar klukka söfnunartækisins er að breytst, er ekki hægt að lesa út úr henni og þessi skilaboð koma:

Reyndu aftur (Update in progress)

Söfnunartækið fer sjálft í afinsnautt ástand ef engin skipun hefur verið gefin í 25 sekúndur. Þá kemur á skjáinn:

*** Bless ***

Þegar söfnunartækið hefur verið vakið úr afinsnauðu ástandi kemur á þessi texti frá því:

Sprungumaelir vid Leirhnuk.
Utgafa 1.00, 12/9/1988/EHH.
Gefdu skipanir (H = Hjalp)

Þegar söfnunartækið hefur verið endurræst með RESET takkanum kemur þessi texti:

Orkustofnun JHD-JES
Version 1.00, 12/9/1988/EHH

Þegar tækið er búið að mæla eina mælingu, kemur á skjáinn:

3215 1 32 35 131 31

Fremsta talan er dagnúmerið. Önnur talan er númer mælingar innan dagsins. Þriðja talan er rás 1, sú fjórða er rás 2. Fimmta talan er spennan á rafgeymi og sú sjötta er hitastigið.

5. ÚRVINNSLA

Mæligögnum er safnað á tveimur stöðum í þessu kerfi. Í stöðvarhúsínu er safnað gögnum sex mínútna fresti á diskling í PC tölvu. Sú skrá er ekki á venjulegu textaformi til að spara pláss. Hana þarf að lesa með forritinu LESA. Gögnum er einnig safnað í söfnunartækinu við Leirhnjúk. Þar er safnað einu sinni á sólarhring. Við útlesturinn þarf PC tölvu með útlestrarforriti.

5.1 Forritið LESA

Forritið þýðir gagnaskrá sem endar á .KRA yfir á textaform. Fyrst er gefið upp drifið sem skráin er á. Þá birtast allar .KRA skrárnar sem eru á því drifi. Skráin er valin með ÖR UPP, ÖR NIÐUR, og ENTER tökkunum og sprýr þá forritið um nafn skrárinnar sem gögnin eiga að fara í. Sjálfgefið er nafn .KRA skrárinnar en í staðin fyrir .KRA er .DAT, en notandinn getur valið hvaða nafn sem er. Það skrifast yfir sjálfgefna nafnið.

Síðast eru valin þau gögn sem nota á úr .KRA skránni, en valmynd með þeim birtist á skjánum. Notaðir eru ENTER, ÖR NIÐUR og ÖR UPP takkarnir á sama hátt og áður. Þegar ákveðin gögn hafa verið valin birtist * fyrir framan þau. Hægt er að afturkalla valið með því að velja þau aftur en við það hverfur * merkið. Einnig er hægt að velja hlaupandi breytu sem byrjar á 1 og endar í fjölda mælinga. Að lokum er farið neðst í valmyndina og valið HEFJA VINNSLU GAGNA.

5.2 Form gagnaskráa úr sprungumæli

Söfnunartækið skráir á miðnætti gildi fyrir rás 1 og 2 ásamt dagnúmeri í geymsluhólf, sem er í innra minni þess. Gögnin eru lesin út með skipuninni T. Þau þarf að hirða upp með skjáhermiforriti til dæmis H100, sem getur geymt allt sem kemur á skjáinn í skrá. Þessari skrá má svo

renna í gegnum forritið BREYTA, sem breytir formi gagnaskrárinnar úr söfnunartækinu. Síðan er hægt að teikna ferlana með GRAPHER eða öðru slíku forriti.

Fremst og aftast í skránni er texti með útlestrardegi og tíma. Hin eiginlegu gögn eru í streng, sem er með 2048 tölum. Hver mæling tekur 4 tölur og eru þannig 512 mælingar í skránni, sem ná yfir 512 daga eða 1 ár og 5 mánuði.

Sem dæmi um nokkur gildi eru:

108 12 36 200 109 12 37 199 110 12 38 198

Dagnúmerið fæst þannig:

$$180 + 256 * 12 = 3252$$

Gildið fyrir rás 1 er 36 og rás 2 er 109. Næsta dagnúmer er svo 3253 og svo framvegis. Dagur númer 1 er 1. janúar 1980.

5.3 Forritið BREYTA

Forritið BREYTA getur lesið frumgagnaskrána úr söfnunartækinu og breytt henni í hentugt form fyrir teikniforrit svo sem GRAPHER.

Forritið BREYTA er ræst þannig:

BREYTA innskrá útskrá

Síðan gefur forritið þrjá möguleika á framhaldi og er þriðja leiðin algengust.

Leið 1: Innskrá án texta fremst og aftast.

Útskrá án texta fremst og aftast

Leið 2: Innskrá eins og hún kemur frá söfnunartæki.

Útskrá með texta fremst og aftast

Leið 3: Innskrá eins og hún kemur frá söfnunartæki

Útskrá án texta fremst og aftast

Svaraðu með 1, 2 eða 3 :

Eftir að gögnin hafa farið samkvæmt leið 3 í gegnum BREYTA, líta gildin að ofan út þannig:

1 3252 36 200

2 3253 37 199

3 3254 38 198

Fremst er hlaupandi tala frá 1 upp í 512 þá dagnúmer, rás 1 og rás 2.

5.4 Geymsla gagnaskráa

Gefa þarf gagnaskrám nafn, sem tengir það við dagsetningu. Ágætt form er til dæmis LE171088.FRU fyrir frumskrá, sem lesin er út úr söfnunartækinu þann 17. október 1988 en LE stendur fyrir Leirhnjúk. Síðan er rétt að halda sama fornavni á skrám út úr forritinu BREYTA en bæta við öðru eftirnavni. Sem dæmi LE171088.DAT. Síðan er rétt að safna saman í eina skrá öllum .DAT skrám til frekari úrvinnslu.

6. MÆLIHLUTI

Söfnunartækið er örtölvukerfi byggt á C-44 tölvubrautinni. Það samanstendur af örtölvu, rauntímaklukku, minni, A/D breytu samskiptahluta og stýribretti. Kerfið fær afl frá rafgeymi eða vararafhlöðum, ef hans nýtur ekki við.

6.1 Tölvubretti

Örtölvubrettið er af gerðinni CPU-801 frá fyritækinu ONSET eins og öll brettin að undanskildu stýribrettinu, sem er sett saman hjá Orkustofnun. Örtölvan sjálf er af gerðinni NSC800, sem hefur sama skipanasett og Z80 örtölvan. Þetta tölvukerfi er sérstaklega hannað með það í huga að það noti lítið afl. Hér er það látið vinna þannig að á milli mælinga er það í aflsparnaðarhætti og notar það þá innan við $100\mu\text{A}$ og spennan á kerfinu er um 2,8 V. Í vinnslu er spennan 5,0 V og notar það um 25 mA og í sendingu notar það allt að 150 mA, þegar það hefur kveikt á radiósendarnum.

Minnisrými tölvukerfisins:

| | | | |
|-------|---|-------|--|
| 0000h | - | 1FFFh | Eeprom með forritum á minnisbretti. |
| 2000h | - | 27FFh | Ram með vinnsluminni á minnisbretti. |
| 2800h | - | 2FFFh | Ram með hringgeymslu á minnisbretti. |
| 3000h | - | DFFFh | Ónotað. |
| E000h | - | F7FFh | Eeprom á tölvubretti. |
| F800h | - | FBFFh | Notáð á tölvubretti. |
| FC00h | - | FC7Fh | NSC 810 ram á tölvubretti. |
| FC80h | - | FCFFh | Notáð á tölvubretti. |
| FD00h | - | FD19h | NSC 810 port og timer á tölvubretti. |
| FD20h | - | FDFFh | Notáð á tölvubretti. |
| FE00h | - | FE3Fh | MC 146818 rauntímaklukkan á tölvubretti. |
| FE40h | - | FFFFh | Notáð á tölvubretti. |

Inn/út rými:

| | | | |
|-----|---|-----|-------------------------|
| 00h | - | Afh | Ónotað. |
| B0h | - | Bfh | MOR-800 A/D breyta. |
| C0h | - | Cfh | ACR-10 samskiptabretti. |
| D0h | - | FFh | ónotað. |

Á brettinu er rauntímaklukka, 8 Kbyte EPROM, 178 byte RAM, 22 inn/út línur og aflgjafi fyrir tölvukerfið. Nokkrar inn/út línur eru notaðar fyrir rofana og til að kveikja á sendi og afli inn á magnara frá sprungumælunum. Í EPROMINU, sem hefur vistina E000hex eru einungis skipanirnar JP E003 og JP 0000 til að gera allt vistrýmið virkt samanber lýsingu á tölvubrettinu í viðauka D. RAM minnið er ekki notað hér.

Rauntímaklukkan, sem er af gerðinni MC146818, er á tölvubrettinu og vekur örtölvuna með ígripi á mínuðu fresti en við sjóttu hverja mínuðu er mælt. Þá er kveikt á radiósendi og gögnin send. Einnig er send spenna rafgeyma og hitastig á mælistað. Á miðnætti skráir söfnunartækjó í innra minni dagnúmer og gildi á rás 1 og 2.

Aflgjafi tölvubrettisins sér örtölvukerfinu fyrir afli. Hann tekur spennu inn á bilinu 9 V til 16 V og breytir henni í 5,0 V í vinnsluhætti en 2,8 V í aflsparnaðarástandi. Hluti af afli stýribrettisins kemur beint frá rafgeyminum ásamt afli til sendisins.

Forritin fyrir örtölvukerfið er skrifað að hluta í vélarmáli örtölvunnar og að hluta í forritunar-málínu C. Þau fylgja bæði prentuð í viðauka og á disklingi. Vélarmálsforritin eru þýdd með M80 vélarmálsþýðandanum (assemblers) frá Microsoft en C forritin eru þýdd með C þýðanda frá Supersoft. Þau eru tengd með L80 forritinu (linker) frá Microsoft. Forritin voru unnin á IBM PC samhæfðri tölvu og líkt eftir CP/M umhverfinu með ACCELERATE 8/16 forritinu frá Software Toolworks.

6.2 A/D bretti

A/D breytan er af gerðinni MOR-800 og er fjögurra rása með 12 bita upplausn. Hér eru að-eins notaðir 8 bitar vegna þess að merkið frá sprungumælunum sveiflast innan þekktra marka og 8 bita upplausn er alveg nóg og sparar pláss í geymslu mæligagna. Innmerkið er á bilinu 0 til 2,5 V og lestur hvarrar rásar tekur nálægt 10 ms. Á brettinu er hægt að hafa rauntíma-klukku og minni en ekki er þörf á því hér. Örtölvan kveikir á brettinu rétt á meðan mælt er til að spara afl.

6.3 Minnisbretti

Minnisbrettið er af gerðinni MEM-88. Það er með 8 sökkla fyrir minniskubba af gerðinni 27C16 EPROM eða 6116 RAM, sem hver um sig er 2 kbyte. Vist brettisins byrjar í 0000. Á því er 6 kbyte af EPROM, sem geyma stýrforrit kerfisins og 4 kbyte af RAM, sem eru notað fyrir breytur og hringgeymslu.

6.4 Samskiptabretti

Samskiptabrettið er af gerðinni ACR-10. Það hefur eina RS-232 rás, sem getur verið á hrað-anum frá 50 til 19200 baud. Hraðinn, sem er valinn hér er 300 bitar/sec vegna þess að mótald-ið vinnur á þeim hraða. Hann er valinn með rofum á brettinu og eiga þeir að vera frá 1 til 4: OPINN OPINN LOKAÐUR OPINN. Tölvan kveikir og slekkur á þessu bretti eftir þörfum til að spara afl.

6.5 Stýribretti


Á brettinu eru rofar og ljós sem tengjast stýringu á söfnunar- tækinu. Fimm línur liggja frá ör-tölvubrettinu inn á tengi TE101, og tengjast pinnum 1, 2, 3, 4 og 22. Við pinna 3 og 4 eru tengdir rofar SW104 og SW105. SW104 segir til um hvort mæling skuli gerð á 1 eða 6 mínútna fresti. Staða 1 á rofanum þýðir mælingu á 6 mínútna fresti en staða 2 þýðir mælingu á 1 mí-nútna fresti. Rofi SW105 er grár þrýstihnappur og er hann notaður til þess að komast í sam-band við söfnunartækið þegar það er í afslsnauðu ástandi.

Við merkin á pinnum 1 og 2 eru tengdar ljósdíður. Merkið á pinna 1 sýnir þegar 1 mínu-tu ígrip verður. Merkið á pinna 2 kveikir á mótaaldi og sendi og merkið á pinna 22 kveikir á að-gerðarmögnunum, sem magna merkið frá sprungumælunum.

6.6 Sprungumælar


Sprungumælnir eru festir í veggi sprunganna. Þegar þær hreyfast dragast þeir sundur eða ýtast saman. Sprungumælunum er nánar lýst á mynd 6.1. Neminn er vatnsheldur og rakadrægt þurrkefni, kísilgel, er haft inni í þeim. Vírinn er úr efni, sem hefur lítinn þenslustuðul sem fall af hitastigi. Ummálið á snúningsviðnáminu er 11,35 mm og ætla má að sprungan L6 falli sam-an um 0,1 mm á 6 mínu-tum við skyndilegt landsig.

 JHD.JED.6607.EHH
89.01.0051 OD



MYND 6.1 Nemi í sprungu

 JHD.JED.6607.EHH
89.01.0042 T



MYND 6.2 Tengingar í nema

Inni í nemanum er bretti, sem breytir viðnámsgildinu frá snúningsviðnáminu í spennu. Það er sýnt á teikningu 6.2

Rafhlaðan er af silfuroxíð, gerð til dæmis Union Carbide 355, sem er 210 mAh. Ástæðan til þess að nota silfuroxíð rafhlöðu er að spenna hennar er nánast fasti óháð því hvað hefur verið gengið á orkusorða hennar. Spenna hennar fellur hins vegar mjög hratt, þegar hún er byrjuð að falla á annað borð. Þessa rafhlöðu þarf að skipta um á hverju ári.

Viðnámið R2 er snúningsviðnám, sem snýst þegar sprungan hreyfist. Öxullinn í viðnáminu getur snúist hrung eftir hrung þannig að viðnámsgidið breytist úr 100 kohm í 0 ohm og öfugt, þegar öxullinn hefur snúist 360° miðað við núllstöðu viðnámsins. Þéttirinn C1 er til þess að halda spennunni til sprungumælis stíffri, þegar mælt er. Einn hrungur á snúningsviðnáminu svarar til færslu um 11,35 mm. Spennan út úr nemanum er á bilinu frá 0 V til 23,2 mV ef rafhlaðan er nákvæmlega 1,6 V.

7. SENDIHLUTI

Mótaldið, magnarar fyrir A/D breytuna og stýring fyrir söfnunartækið eru smíðuð á sama brettið. Lýsing á þessum hlutum fer hér á eftir ásamt lýsingu á sendinum. Teikning nr. 1 í viðauka, sem er á tveimur blöðum, er af brettinu.

7.1 Mótaldið

Mótaldið fyrir móttakarann er mjög svipað og fyrir sendinn. Það er á teikningu 1 í viðauka. Munurinn er aðeins sá að sendihlutinn TxD og TxA er tengdur en ekki móttökuhlutinn, RxD og RxA. TxD merkið fer á sama hátt inn á RS232 aðlögunarrásina LT1080 og þaðan inn á pinna 14 á tengi TE101.

Mótaldið þarf að vera í frumástandi (orginate mode), þar sem að móttökumótaldið er í svarástandi (answer mode). Rofarnir SW101 og SW102 eiga báðir að vera í stöðu 0, samkvæmt töflu 7.1. (sjá einnig teikningu 1 í viðauka)

Aflid fyrir sendinn og móttaldið kemur frá 12 V rafgeymi og tengist inn á tengi TE102, +12 V inn á pinna 2 og jörð inn á pinna 1. Til þess að söfnunartækið geti kveikt og slökkt þegar senda á gögn, er aflid tengt í gegn um segulrofa SW103. Stýrimerki á pinna 2 á tengi TE101 stjórnar stöðu segulrofans.

Teikning nr. 5 í viðauka er af tengingu afslins fyrir söfnunartækið.

7.2 Magnarar fyrir A/D breytu

Aðgerðarmagnararnir eru af tegundinni OP22. Þeir eru til þess að magna upp merkið frá sprungumælunum, þannig að heildarsvið þeirra, 25 mV fylli upp í heildarsvið A/D breytunnar sem er 2,5 V. Því þarf mögnunin að vera 100. Með hliðtenginu 1 MΩ og 100KΩ í afturverkunarrás aðgerðarmagnarans og 1KΩ viðnámi til jarðar, fæst 100,01 mögnun, er gefur óverulega skekkju. 10 KΩ stillanleg viðnám er tengd inn á pinna 1 og 5 á mögnurunum. Með viðnámunum má nállstilla þá. ICL7660 sér mögnurunum fyrir negatífrí spennu. Hún býr til -4,5 V spennu úr +5 V. Hægt er að kveikja og slökkva á mögnurunum með stýrimerki inn á pinna 22 á tengi TE101.

7.3 Spennu- og hitamælingin

Söfnunartækið mælir spennuna á aflinu og útihitastig í hvert sinn sem það mælir sprungurnar. Viðnám R106, R107 og stillanlega viðnámið R108 deila afspennunni þannig að út fæst einn tíundi spennunnar. Þessi spenna er tengd inn á A3 á A/D breytunni.

Hitaháð viðnám, R105, (thermistor) er notað til þess að mæla hitastig. Það er tengt í reglaða 5,0 V spennu ásamt 47 KΩ viðnámi, R104. Ólinulegt samband er milli hitastigs og viðnámsins. En í forritinu SAFNA er leiðrétt fyrir því. Þetta gildi er tengt inn á A4 á A/D breytunni.

7.4 Afl söfnunartækisins

Söfnunartækið notar 12 V spennu, sem tengist í tengi á kassanum. Teikning nr. 5 í viðauka sýnir tengingu afslins. Díóða D501 tryggir að ekki fari rangt pólur spenna inn á söfnunartækið. Ef pólunum er víxlað leiðir díóðan og öryggið sem er 1 Amper fer.

Tvær 9 V hliðtengdar rafhlöður sjá söfnunartækinu fyrir varaafli. Ef spennan á ytri aflgjafa fellur niður fyrir 9 V taka rafhlöðurnar við. Þær halda þó söfnunartækinu einungis gangandi því sendirinn fær ekki afl frá þeim. Díóða D502 kemur í veg fyrir það. Ef það gerist skilar

söfnunartækið engum mælingum frá sér. Þess í stað safnar það gögnunum í sitt eigið minni. Því er lýst í kafla 3, STILLINGAR SÖFNUNARTÆKISINS og í kafla 4, ÚRVINNSLA.

7.5 Sendirinn

Sendirinn er af gerðinni Monitron, T45F-1 og vinnur á 469,5 MHz. RF aflið er 150 mW. Á honum eru tvö tengi. Annað er RF tengi fyrir loftnetið og hitt er Bendix PT02E-8-4P og tengist það móttaldinu. Tenging kapalsins milli sendis og móttalda er samkvæmt töflu 7.1.

TAFLA 7.1 Tenging sendis og móttalda

| TE102 | Kapall | Bendix | Merki |
|-------|-----------|--------|---------|
| 1 | gul/grænn | D | jörð |
| 3 | brúnn | A | + 12 V |
| 4 | blár | B | útmerki |

Toppgildið á merkinu frá móttaldinu inn á sendinn þarf að vera 1 Vpp. Hægt er að stilla styrkinn á merkinu með viðnámi á pinna 20 (TLA) á móttaldsrásinni MC145442 og sýnir tafla 3 í viðauka styrkinn fyrir mismunandi viðnámsgildi. Þar er miðað við 600 Ohm álag. En inngangs-viðnámið í sendinn er um 100 KOhm og fæst 1 Vpp með óendanlegu TLA viðnámi. Því er pinninn hafður ótengdur.

Ýtalegri upplýsingar um sendinn er að finna í viðauka.

8. MÓTTÖKUHLUTI

8.1 Móttakarinn

Móttakarinn er af gerðinni Monitron model R45F og vinnur á 469,5 MHz. Á honum er hægt að stilla bæði hleypisvið (squelsch) og styrk (audio). Hæfilegur styrkur fyrir móttaldið er um 1,0 Vpp en hleypisvið er háð styrk á RF (radio frequency) merkinu og þar með móttökuskilyrðum.

Á móttakaranum eru tvö tengi. Annað er RF tengi fyrir loftnetið en hitt er Bendix PT02E-8-4P, en það tengist móttaldinu. Tengingin í kaplinum milli móttakarans og móttalda er samkvæmt töflu 8.1 ef móttakarinn fær afl frá móttaldinu.

TAFLA 8.1 Tenging kapals milli móttakarans og mótaðsins

| BNC | Kapall | Bendix | Merki |
|---------|-------------|--------|---------|
| karl | blár | B | útmerki |
| kerling | brúnn | A | 12 V |
| skermur | gulur/grænn | D | jörð |

8.2 Mótaldið

Mótaldið byggir á Motorola rás MC145442, rás númer U201 á teikningu 2 í viðauka. Hún er 300 baud og samhæfð við CCITT V.21 staðal ef við hana er notaður 3,579545 MHz kristall.

Þrír pinnar á rásinni eru notaðir til þess að stýra ýmsum möguleikum, sjá töflu 8.2. Það er pinni 13 (mode) sem segir til um hvort rásin sé í frumástandi (originate mode) eða svarástandi (answer mode), pinni 2 (LP) en með honum má setja rásina í analog loopback ástand til þess að prófa hana og pinni 14 (SQT) en hann er fasttengdur í jörð. (Sjá einnig fylgirit um rásina í viðauka).

Rofarnir SW201 og SW202 eru tengdir við pinna 2 og 13 og eiga þeir að vera stilltir á svarástand. Þá gilda tíðnirnar samkvæmt töflu 8.3.

Þrjú merki eru tengd frá U201 inn á RS-232 tengið, TE201. Það eru CD, RxD, og TxD, en þau fara öll í gegnum LT 1080, U202, sem er tvöfaldur RS-232 móttakari og sendir. Merkin þrjú sjást á ljósdíóðum framan á kassanum ásamt aflinu.

Afl fær mótaðið frá 220VAC/12VDC aflgjafa. Hann getur einnig séð móttakaranum fyrir 12 V afli en 5 V reglari, 7805 sér rásunum fyrir spennu. 500 mA öryggi er á 220 V.

TAFLA 8.2. Tengingar á mótaðsrás

| MODE pinni 13 SW202 | LB pinni 2 SW201 | Ástand |
|---------------------------|------------------------|-----------------|
| 0 | 0 | Svarástand |
| 1 | 0 | Frumástand |
| x | 1 | Analog loopback |

TAFLA 8.3. CCITT V.21 staðall

| Bitar | Frumástand | | Svarástand | |
|-------|------------|---------|------------|---------|
| | Sending | Móttaka | Sending | Móttaka |
| 0 | 1180 Hz | 1850 Hz | 1850 Hz | 1180 Hz |
| 1 | 980 Hz | 1650 Hz | 1650 Hz | 980 Hz |

8.3 A/D breytan

Til þess að geta tekið við gögnum frá hallamæli var smíðuð A/D breyta á staðlað bretti fyrir PC braut. Teikning nr. 3 í viðauka er af henni. Notuð er 12 bita A/D breyta, 7109, og er henni stýrt með 8255A rás.

Hliðræna merkið frá hallamælinum tengist á tengi TE301, jörð á pinna 1 og merkið á pinna 14. Merkið fer síðan í gegnum magnara með mögnun 1, en með honum má núllstilla það. Heildarsvið A/D breytunnar er +/- 4,096V. Hægt er að breyta heildarsviðinu með því að breyta viðmiðunargildinu milli pinna 39 og 36 því heildarsviðið tvöföld viðmiðunarspennan:

$$Vin = 2 * Vref$$

Stillanlega viðnámið R303 er þannig tengt að með því er hægt að stilla viðmiðunargildið, Vref frá 0 til 2,8 V.

